



Spítalastígur 4 og 4B – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Úti og inni sf., ásamt greinargerð, dags. 9. janúar 2025, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.0, Bergstaðastrætisreita, vegna lóðarinnar nr. 4 og 4A við Spítalastíg, sem felst í stækkun á byggingarreit spítalastígs 4A, samkvæmt uppdr. Úti og inni, dags. desember 2024 og janúar 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Tillaga 3D / stækkun á byggingareit



Tillaga grunnmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Þingholt, íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Bergstaðastrætareit samþykkt 12.07. 2007 með síðari breytingum.


Umsögn

Í gildandi deiliskipulagi er heimilað að byggja hús á tveimur hæðum með kjallara og ris.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er meðal annars svo hljóðandi um rýmið á milli húsanna. "Rýmið milli framhúsa við Spítalastíg og bakhúsa verður hannað sem sameiginlegt svæði með gróðureyjum og reiðhjólstæðum. Sérafnotafletir verða garðmegin fyrir íbúðir á götuhæð við Spítalastíg. Lóðarhönnun verður skilað inn með aðaluppdráttum.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að stækka byggingareit á lóðinni 4A við Spítalastíg, sjá tillögu hér að ofan og sleppa kjallara sem var heimilaður samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Stækkunin verður að taka mið af byggingunum, yfirbragði og byggðamynstri á húsunum í kring. Í gróinni byggð er mikilvægt að halda í form, hlutföll og söguleg einkenni.





Ekki er tekið jákvætt að breyta deiliskipulagi og stækka byggingareit. Það er þröngt á milli húsanna og því mikilvægt að halda í sérafnotafleti og dvalarsvæði komandi íbúa á svæðinu.

Niðurstaða

- Neikvætt að breyta deiliskipulagi samanber umsögn hér að ofan.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

